



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 130/602
komudagur 11. 12. 2003

Ályktun **frá fundi formanna aðildarfélaga SSÍ,** **um línuívilnun**

Fundur formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands haldinn 17. og 18. október 2003 mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að taka upp svokallaða línuívilnun til dagróðrabáta sem róa með línu. Jafnframt mótmælir fundurinn nú sem endranær hvers konar sértækum aðgerðum stjórnvalda við úthlutun aflaheimilda, nema sérstakar aðstæður skapist vegna aflabrests á einstökum fisktegundum.

Öllum ætti að vera ljóst, þar sem heildarafli er takmarkaður, að verði einum hópi útgerða veitt ívilnun í aflahlutdeild eða aflamarki hlýtur sú ívilnun að verða tekin frá öðrum. Slíkt leiðir aðeins til mismununar innan atvinnugreinarinnar.

Línuívilnunin sem rætt er um að taka upp mun að stærstum hluta koma til smábáta. Frá því aflamarkskerfið var tekið upp hafa smábátar aukið afla sinn verulega á kostnað aflamarksskipa og ljóst að með kröfu um línuívilnun er ætlunin að ná enn stærri hluta af veiðiheimildunum til smábátaflotans. Fundurinn mótmælir sífelldri undanlátssemi við þennan bátaflokk og krefst þess af stjórnvöldum að þau láti nú þegar af þeirri undanlátsstefnu við smábáta sem stunduð hefur verið undanfarin ár.